

**Stofnfundur Foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar**  
**fimmtudaginn 12. maí 2011 kl. 18:00 í skólahúsinu Ólafsfirði**

Skólastjóri bauð fundargesti velkomna og greindi frá undirbúningi að stofnun foreldrafélags skólans.

**1. Kosning fundarstjóra og fundarritara:**

Fundarstjóri var kosinn Jónína Magnúsdóttir og fundarritari Ríkey Sigurbjörnsdóttir.

**2. Lög kynnt:**

Lög félagsins voru kynnt og borin upp til samþykkis. Eftir umræður um lögina voru þau samþykkt samhljóða.

**3. Kynning formanns og skipun stjórnar:**

Ágætlega gekk að finna fólk til að taka að sér stjórn félagsins. Þrír fulltrúar koma úr hvorum byggðarkjarna.

Auður Eggertsdóttir Ólafsfirði

Hrönn Gylfadóttir Ólafsfirði

Kristján Hauksson Ólafsfirði

Rut Viðarsdóttir Siglufirði

Gunnar Smári Helgason Siglufirði

Berglind Ýr Birkisdóttir Siglufirði

Sjöundi stjórnarmaðurinn mun koma úr röðum skólaráðs. Einn stjórnarmaður úr þessum sex manna hópi mun sitja í skólaráði.

**4. Kosning formanns:**

Gunnar Smári Helgason gaf kost á sér í hlutverk formanns og var það samþykkt samhljóða.

**5. Kosning skoðunarmanna:**

Skoðunarmenn reikninga voru tilnefndir:

Halldóra Björgvinsdóttir og

Guðrún Unnsteinsdóttir

**6. Önnur mál:**

- ✚ Formaður fékk orðið og ræddi um hvernig auðveldast væri að hafa samband sín á milli. Í því sambandi var rætt um Mentor.
- ✚ Rætt um aðkomu foreldrafélags að vorferðum nemenda sem eru ein hugmynd af mörgum um verkefni sem foreldrafélagið getur staðið að.
- ✚ Rætt um árgjald í foreldrafélagið. Formaður bar upp tillögu um kr. 1.000,- kr. á hvert barn í grunnskólanum. Tillagan var samþykkt samhljóða.
- ✚ Rætt um frágang stofnunar félagsins s.s. umsókn um kennitölu. Sú kennitala mun verða notuð á reikninga bekkjarsjóða.